

Stefna Borgarbyggðar í málefnum innflytjenda.

Með hugtakinu innflytjandi er átt við útlending sem sest hefur að í sveitarfélaginu. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa aðra tungu að móðurmáli en íslensku.

Markmið þeirrar stefnu sem hér er sett fram er að innflytjendur í sveitarfélaginu verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu. Allir íbúar sveitarfélagsins skulu njóta fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem jafnrétti, víðsýni og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks.

Starfsmenn Borgarbyggðar skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir innflytjendum og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti hvarvetna verið virkir þátttakendur.

Til þess að ná þessum markmiðum eru eftirfarandi undirmarkmið sett fram:

Borgarbyggð skal vera samfélag án fordóma

- Starfsfólki sveitarfélagsins verði boðið uppá námskeið þar sem meðal annars verði fjallað um menningu og sérstöðu fólks af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um margskonar menningu ólíkra þjóða verði aðgengilegar almenningi.
- Innflytjendum verði gert kleift að koma skoðunum sínum og menningu á framfæri í sveitarfélaginu.
- Unnið verði gegn fordómum.

Þjónusta sveitarfélagsins skal vera öllum aðgengileg

- Bjóða skal túlkþjónustu eftir því sem við verður komið. Túlkum verði boðið að skrá þjónustu sína á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Ávallt skal bjóða þjónustu túlks í viðkvæmum og alvarlegum málum þar sem miklir hagsmunir kunna að vera í húfi.
- Útdráttur á kynningarefni sveitarfélagsins verði settur fram á heimasíðu sveitarfélagsins og í dreifibréfum á erlendum tungumálum, a.m.k. ensku.
- Stefnt verði að því að bjóða umsóknareyðublöð á erlendum tungumálum, a.m.k. ensku.

Upplýsingar um réttindi og skyldur fólks skulu vera aðgengilegar innflytjendum

- Sveitarfélagið skal stuðla að því að tryggja innflytjendum upplýsingar um réttindi þess og skyldur á sem flestum sviðum.

- Sveitarfélagið skal í þessu skyni vera í samvinnu við Stéttarfélag Vesturlands, Borgarfjarðardeild Rauðakross Íslands, Margmenningarfélag Borgarfjarðar, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og aðra þá aðila sem láta sig málefnið varða.

Þjónusta leikskóla, tónlistaskóla og grunnskóla í Borgarbyggð

- Skólar Borgarbyggðar skulu í samvinnu sín á milli móta verkferla um móttöku barna af erlendum uppruna.
- Ávallt skal leitast við að tryggja börnum af erlendum uppruna leikskólaláss enda uppfylli þau almenn skilyrði um inntöku leikskólabarna.
- Börnum af erlendum uppruna skal bjóða stuðning á móðurmáli sínu ef þess er kostur meðan þau eru að aðlaga sig breyttum aðstæðum og ná tókum á íslensku.
- Erlendir foreldrar skulu fá skóladagatal, námsskrá og fræðslu um skólastarf í Borgarbyggð. Leitast skal við að túlka þær upplýsingar sem þar koma fram.
- Erlendir foreldrar skulu upplýstir um samstarf foreldra og skóla. Leitast skal við að tryggja að foreldrarfundir fari fram með aðstoð túlks ef þess er þörf.
- Leik- og grunnskólar skulu leggja mikla áherslu á að kenna erlendum börnum íslensku.
- Meta skal námsgetu erlendra leik- og grunnskólabarna sem fyrst og veita þeim þannig þjónustu í samræmi við námsgetu hvers og eins.
- Leitast skal við að leggja fram einstaklingsnámskrá fyrir erlend börn á fyrstu eða annarri námsönn þeirra.

Tómstundastarf fyrir alla

- Kynna skal innflytjendum það tómstundastarf sem í boði er í sveitarfélaginu. Leita skal samstarfs við félagasamtök um kynningu á því félagsstarfi sem þau reka.
- Leita skal leiða til að tryggja þátttöku erlendra barna í félagsstarfi, íþróttum og öðru tómstundastarfi sem í boði er í sveitarfélaginu.
- Leitast skal við að dagskrá félagsmiðstöðva í sveitarfélaginu taki mið af mismunandi hefðum og menningu og kynni fjölbreytta menningu fyrir börnum er þangað koma.

Þekking, menntun og menning innflytjenda.

- Sveitarfélagið skal í samstarfi við vinnuveitendur í sveitarfélaginu stuðla að því að innflytjendur eigi kost á íslenskukennslu sér að kostnaðarlausu.
- Virða skal menningu og reynslu innflytjenda.
- Sveitarfélagið skal stuðla að því að innflytjendum sé kleift að miðla menningu sinni og reynslu til annarra íbúa sveitarfélagsins t.d. með þátttöku í menningahátíðum sveitarfélagsins.
- Þjónusta bókasafns taki í auknum mæli mið af þörfum innflytjenda.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. júní 2007.

